



Skýrsla um erlent samstarf árið 2025

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Dagný Hulda Valbergsdóttir tók saman



Erasmus+



Nordplus



Verkmenntaskólinn
á Akureyri

1. Almennt um erlent samstarf

Verkmenntaskólinn á Akureyri leitast við að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í þeim tilgangi að bjóða nemendum upp á lífsreynslu sem nýtist í þeirra námi og fyrir okkar starfsfólk að læra af öðrum og miðla þekkingu og reynslu. Skólinn leggur áherslu á að veita nemendum og starfsfólki tækifæri til að kynnast námi og starfi erlendis - og með því að efla nemendur og mögulega leggja grunninn að frekara samstarfi eða námi síðar. Þá fær skólinn heimsóknir á hverju ári frá erlendum skólum og stofnunum.

Í skólanum er starfandi alþjóðafulltrúi sem heldur utan um erlend samskipti. Hann bendir starfsfólki og nemendum á þá kosti sem gætu hentað hverju sinni, aðstoðar við að fylla út umsóknir og vinna samninga og miðlar verkefnum eftir því sem hentar. Þá styður alþjóðafulltrúi við þær deildir sem taka móti erlendum kennurum í starfsspeglun eða hópum. Þá aðstoðar hann nemendur og kennara erlendis frá við að koma sér fyrir í starfsnámi á Akureyri, sé þess óskað. Aðstaða verkefnastjóra er á bókasafni skólans og er staðan hlutastarf á móti starfi bókavardar.

Mikill kraftur var í erlendum samskiptum á almanaksárinu 2025. VMA var styrkhafi í þremur verkefnum; einu sem styrkt er af Nordplus og tveimur sem er Erasmus aðild VMA á verknáms (VET) deildum og bóknáms (SCH) deildum. Þó þurfti að klára afgang af aðildarupphæð skólaársins 2023-2024 (á meðan verkefnastjóri var í fæðingarorlofi) þannig að á vorönn 2025 þurfti að klára fjármagn frá tveimur skólaárum.

Þá sótti rafdeild um Erasmus+ verkefni undir handleiðslu Króatísku skóla sem fékkst samþykkt, en það verkefni hefst í janúar 2026.

2. Verkefni fjármagnað af Nordplus

Almanaksárið 2025 tóku alls þrír starfsmenn VMA þátt í einu verkefni styrktu af Nordplus. Alls var farin ein ferð á vegum verkefnisins sem jafnframt var lokafundur verkefnisins Nordic Green Shift in Education.

2.1 Nordic Green Shift in Education

NPAD-2023/10170

Hópurinn samanstendur af 4 skólum, Vinnuháskulin í Færeyjum, Fagskolen í Rogaland, KRI í Grænlandi ásamt VMA. Samstarf þessara fjögurra skóla á sér langa og farsæla sögu en að þessu sinni er tilgangur verkefnisins að gera handbók fyrir verkgreinakennara sem þar sem áhersla er lögð á að innleiða umhverfisvænni leiðir í kennslu og huga enn betur að sjálfbærni t.d. í vélstjórn. Verkefninu lauk formlega haustið 2025 í Stavanger í Noregi og stendur til að sækja um annað verkefni með sömu skólum.

Vefsíða verkefnis sem hefur verið á ábyrgð VMA inniheldur nú námsefni sem snýr að þessum þáttum. Einnig er aðgengileg handbók í grænum fræðum (Green Shift Teaching handbook) sem hefur verið hönnuð til að styrkja kennara og hvetja nemendur til að stuðla að breytingum

í átt til grænni skrefa. Handbókin býður uppá hagnýtar aðferðir sem getur styrkt kennarar, nemendur og aðra til að vinna á mikilvægum skrefum í átt til grænni framtíðar.

Vefsíða verkefnis: [GreenFing](#)

25. - 28. ágúst

Nordplus

Lokafundur Green-Fing í Stavanger í Noregi. Á fundinn fóru Benedikt Barðason, Sævar Páll Stefánsson og Hanna Þórey Guðmundsdóttir. Á fundinum var lögð lokahönd á afurð verkefnisins en það er kennsluefni í grænum áherslum í námuvinnslu, sjávarútvegi, orkuframleiðslu og iðnaðarframleiðslu.

Fréttir um verkefnið:

[Lokafundur í FING-verkefni í Stavanger | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

[Fulltrúar VMA í FING-verkefni í Sisimut | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

3. Verkefni fjármögnuð af Erasmus

Árið 2023 hlaut VMA svokallaða Erasmus+ aðild sem gildir í 7 ár. Aðildin býður upp á fjölbreytt tækifæri fyrir nemendur og starfsfólk. Nemendur á verknámsbrautum geta farið erlendis í starfsnám til styttri eða lengri tíma, keppnir eða í hópferðir með kennara. Starfsmenn geta farið í starfsspeglanir, námskeið, kennaraskipti og eitthvað fleira. Hægt er að bjóða erlendum kennurum til að halda vinnustofur fyrir kennara. Nemendur á bóknámsbrautum hafa tækifæri á hópferðum með kennara og skiptinámi. Aðildin gildir í sjö ár, í febrúar ár hvert er send inn áætlun fyrir næsta skólaár um ferðir sem falla innan reglna aðildar og fylgja gildum Erasmus+. VMA hefur nú aðgang að aðild bæði VET (verknámsmegin) og SCH (bóknámsmegin), svo allir starfsmenn skólans ættu að geta sótt um hjá verkefnastjóra.



3.1. Samstarfsverkefni Connect-R

Connect-R merkir Connecting Rural Youth to the EU.

Verkefnið fjallar um ungt fólk, verknámskerfi og menntamöguleika almennt, dreifðar byggðir og það hvernig starfsnámskerfið og ungt fólk kemur að umræðu og ákvörðunum um þróun dreifðra byggða.

Þau sem starfa að þessu í VMA eru Sólveig Birna viðburðastjóri og Jóhannes Árnason kennari. Hópur 8 nemenda er að vinna að þessu, þau héldu fundi á haustönninni og einn var sérstaklega settur upp sem umræða um svæðið og þar kom Ingvar Þóroddsson þingmaður í heimsókn.

Connect-R er stýrt af MFR í Frakklandi. Aðrir aðilar eru frá Eistlandi, Rúmeníu og svo annar aðili frá Frakklandi og svo VMA.

Aðalviðburðurinn í verkefninu er ferð til Strasborgar í maí 2026 þar sem verður

farið í Evrópuþingið og unnið að tillögum frá ungmennum í verkefninu um það hvernig þau geta komið meira að því að móta framtíðina á dreifbýlum svæðum.

3.2 Erasmusferðir á aðild verknáms- (VET) og bóknáms(SCH) brauta.

6. janúar - 7.mars 2025

Pólland

Short term mobility for learners

Anastazja Dyrлага, útskriftarnemandi í hársnyrtið, fór til Póllands í verknám. Hún er sjálf pólsk og hefur ekki búið í Póllandi síðan hún var barn, svo þetta var ánægjulegt verkefni.

Frétt um dvölinna:

[Á Erasmus styrk í starfsnámi á hársnyrtistofu í Póllandi | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

14. janúar - 14. mars

Kína

Arna Guðný Valsdóttir, listnámsbrautarkennari, fór til Xiamen í Kína í starfsspeglun til að læra kínverskt silkiprykk. Hún hafði aðgang að nokkrum verkstæðum listamanna, en hún fékk boð í þetta nám í gegnum CEAC sem er miðstöð í Xiamen í Kína. 2 mánuðir af dvölinni voru kostaðir af Erasmus+.

Fréttir um verkefnið:

[Listamannadvöl í Kína var mikið ævintýri | akureyri.net](#)

[Heiðraði minningu mömmu sinnar í Kína | akureyri.net](#)

[Kínaferðinni gerð skil í Dyngjunni | akureyri.net](#)

[Steini Art](#)

10.-14. mars

Rovaniemi, Finnland

Helgi Valur og Jóhann Þorsteins, kennarar af byggingadeild fóru í starfsspeglun til Rovaniemi að undirbúa lengra starfsnám (long-term mobility) nemanda af byggingadeild.

24.-27. mars

Pinerolo, Ítalía

3 kennarar af matvælabraut og Íris innkaupastjóri fóru í starfsspeglun til Ítalíu að heimsækja Giuseppe Migliore sem kom í VMA í starfsspeglun 2024. Þau fengu kynningu og sátu í tímum í framreiðslu, matreiðslu, tungumálum auk þess sem Íris fékk að kynna verkferlum sem tengjast hennar starfi.

Frétt um dvölinu:

<https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/erasmus-heimsokn-til-pinerolo>

2.-4. apríl

Rovaniemi, Finnland

Kennarar af listnámsbraut, Ína og Veró fóru til Lahti í Finnlandi að heimsækja Salpaus til að undirbúa nemendaskipti næsta skólaár. Von er á Minnu Tammi frá Salpaus í lok apríl í svipuðum erindagjörðum.

31. mars-4. apríl

Malaga, Spánn

Harpa Birgisdóttir og Hildur Salína Ævarsdóttir fóru í starfspeglun í El Palo IES á Málaga 31. mars- 4. apríl 2025. Markmiðið var að auka þekkingu á fleiri kennsluaðferðum í hársnyrtiið. Þær fengu góða innsýn í þeirra kennsluaðferðir og nálgun við mismunandi nemendur. Við gátum greint styrkleika okkar og sáum tækifæri til umbóta. Starfspeglunin kom á betri tengingu og styrkt samstarf á milli þessa tveggja skóla enn frekar, jafnvel innan annara deilda innan okkar skóla. Linkur á heimasíðu: [https://guia-malaga.portaldeeducacion.es/colegios-institutos-centros-y-estudios/El-Palo-Instituto-de-Educacion-Secundaria-\(IES\)-malaga-malaga-i1943.htm](https://guia-malaga.portaldeeducacion.es/colegios-institutos-centros-y-estudios/El-Palo-Instituto-de-Educacion-Secundaria-(IES)-malaga-malaga-i1943.htm)

5.-11. apríl 2025

Mallorca, Spánn

Kennararnir Íris Ragnarsdóttir og Guðríður Sveinsdóttir fóru með hóp tíu nemenda af viðskiptabraut í Erasmus+ ferð til CIEP Pere de Son Gall í Lluçmajor á Mallorca. Tilgangur ferðarinnar var að kynna starfsnámi, menntakerfi og atvinnulífi á Spáni, efla tungumálakunnáttu og menningarvitund. Nemendur hittu jafnaldra sína í svipuðu námi, heimsóttu fyrirtæki og tóku þátt í kennslu og verkefnum tengdum viðskiptum og nýsköpun. Sama ár höfðu 2 kennarar þaðan komið í starfspeglun í VMA.

7.-12. apríl

Waterford, Limerick og Dublin, Írland

11 starfsmenn VMA í ferð til Írlands með hliðarþemanu "Írskar rætur" þar sem þau skoðuðu forn tengsl Íra og Íslendinga. Móttökuskólar voru Newtown-school í Waterford, Villiers-School í Limerick og Marie-Immaculate college í Limerick. Frekara samstarf komst á en vorið 2026 fer Íslenskudeild með 12 nemendur til Newtown - og tekur á móti hópi frá þeim líka.

7.-11. apríl

Prag, Tékkland

Þrír kennarar, Anna Berglind, Hilmar og Urður María, fóru á námskeiðið *Teaching in the AI Age*. Þau sátu námskeiðið ásamt fjölbreyttum hópi kennara og skólastarfsfólks frá ýmsum Evrópulöndum. Þar lærðu þau um möguleika og áskoranir gervigreindar í skólastarfi og hvernig nýta má ýmis gervigreindarverkfæri á ábyrgan og skapandi hátt í kennslu.

Námskeiðið var ekki síst ætlað til þess að efla sjálfstraust sitt í notkun gervigreindar, þekkja tækifærin, takmarkanir og veikleika gervigreindarinnar.

5.-10. maí

Brussel, Belgía.

UCCL, [The mission of EEB I - EEB1.](#)

3 starfsmenn VMA, Snorri Björnsson, Sólveig Birna og Daníel Freyr Jónsson (sem hoppaði inn fyrir Valgerði Dögg sem datt úr ferðinni með stuttum fyrirvara) ásamt 3 nemendum fóru í vikuferð til Brussel að kynna sér málefni hinsegin ungmenna. Hugmyndin að ferðinni kviknaði eftir ráðstefnu um lýðheilsu hinsegin ungmenna á landsbyggðinni sem hýst var í VMA haustið 2024. Þau hittu ungmenntu á svipuðu reki og fengu að kynna hinsegin veruleika í Belgíu í gegnum skólafélagið. Upp úr þessari ferð var stofnaður Regnbogahópur VMA, sem er formlegur stuðningshópur skólans við LGBT+ nemendur skólans.

Fréttir um málið:

[Regnbogahópur í VMA | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

[Áhugavert málþing um hinsegin nemendur á landsbyggðinni | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

[Takmark okkar er að vera öflug og sýnileg | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

9-12.maí

Parma, Ítalía

Hildur Salína, kennari á hársnyrtibraut fór á námskeið í “Biomimetic Hair Restoring Technology” sem að hluta til var styrkt af VET aðild Erasmus+.

11. - 18. Maí 2025.

Gilaunova, Ítalía

<https://www.liceomariecuriegiulianova.it/>

Hópur 15 nemenda og 3 kennara, Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir, Kristjana Margrétard. Pálsdóttir og Börkur Már Hersteinsson, kynntu sér þarlenda menningarstrauma frá ýmsum hliðum með áherslu á byggingalist fyrri alda. Samband milli skólans og VMA hófst um áramótin og höfðu krakkarnir átt í samskiptum á netinu áður en þau hittust. Dagskráin var þétt og einkar vel skipulögð af hálfu gestgjafanna og leiðandi kennara VMA.

Finnland 23.-30.maí

Vaasa, Finnland.

Vamia [Homepage - Vamia](#)

20 vélstjórnarnemendur ásamt Sævari Páli Stefánssyni og Írisi Arngrímsdóttur fóru til Vaasa í Finnlandi að heimsækja Vamia, en rafdeild VMA hefur áður unnið með VAMIA í verkefninu DigitalVET4all sem kláraðist 2023. Með nemendum VAMIA fóru nemendur okkar meðal

annars á námskeið í höfuðstöðvum Wärtsilä - en Félag málmiðnaðarmanna styrkti nemendur okkar um námskeiðsgjöld og eiga þakkir skilið fyrir það. Þá stoppaði hópurinn í heimsókn í gestastofu kjarnorkuversins Olkiluoto. Ferðin var vel skipulögð á alla kanta og til fyrirmyndar fyrir VMA, nemendur okkar og Erasmus+.

Frétt um verkefnið:

[Vélstjórnarnemar á leið til Vaasa í Finnlandi | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

15. ágúst -1. desember

Rovaniemi, Finnland

Gylfi, 3. árs nemi á byggingadeild, fór til Rovaniemi í Finnlandi í starfsnám hjá nýjum vinaskóla okkar þar, REDU [Frontpage - REDU](#). Jóhann Þorsteins og Helgi Valur fóru til Rovaniemi fyrr á árinu til að mynda vinasamband og undirbúa dvölin. Dvölin gekk ljómandi vel þrátt fyrir að vinnustaður hans hafi breyst vegna vendinga í skólanum, en það kom ekki að sök og fékk hann að sitja tíma á smíðabraut og sótti finnskunámskeið. Á meðan dvöl stóð heimsótti Kristján, kennari af byggingadeild VMA, til að skoða aðstæður.

Frétt:

[Í vetrarstillum í Rovaniemi | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

7.-13. september

Palermo, Ítalía

Helga námsráðgjafi, Helga stærðfræðikennari og Katrín Júlía enskukennari fóru til Palermo á Ítalíu á námskeið. "Yoga for teachers and education staff". Þar lærðu þær að kynnast jógatækni sem stuðlar að vellíðan í skólaumhverfi. Með verklegri nálgun öðluðust þær færni og þekkingu til að samþætta jóga í kennsluhætti sína, með það að markmiði að efla einbeitingu, seiglu, streitustjórnun og almenna andlega og líkamlega heilsu í kennslustofunni og skólastarfinu almennt. Þetta hafa þær nýtt sér í starfi til að skapa rólegra og jákvæðara námsumhverfi. Þær koma einnig til með að miðla reynslu sinni til annara kennara og starfsfólks svo aðrir geti einnig nýtt sér þetta.

28. sept - 4. okt

Skjern, Danmörk

Þórduna til UCRS í Skjern

[UddannelsesCenter Ringkøbing Skjern | UCRS](#)

Sólveig Birna, viðburðarstjóri VMA ásamt Maríu Sigurðardóttur stuðningsfulltrúa leiddu ferð nemendafélagsins Þórdunu í verknámsskólann UCRS í Danmörku. Þar kynntust þau hópi nemenda með sérstöku auga fyrir félagslífi, auk þess sem þau heimsóttu ungmennameiðstöð. Á meðan ferð stóð gaf flugfélagið PLAY upp laupana svo varð að finna nýtt flug heim - sem var svo líka aflýst. Töluverðar breytingar urðu því á ferðaplönum en þau komust heim á

endanum

Frétt um dvölinu:

[Stjórn Þórdunu í Skjarn og Billund |
Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

4.-20.okt

Sevilla, Spánn

Tveir þriðja árs nemendur af byggingadeild VMA fóru í starfsnám til Sevilla á Spáni. Þeir Ísleifur og Gunnar unnu í verksmiðju þar sem þeir unnu við framleiðslu á klæðningu og skápaglötum í tvær vikur. Helgi Valur kennari fylgdi þeim út til að kynna staðnum. Þeir fóru utan með aðstoð fyrirtækisins EUROMIND sem útveguðu þeim vinnustað og heimavist sem þeir dvöldu.



11.-18.október

Lahti, Finnland

12 nemendur á öðru ári listnáms- og hönnunarbrautar VMA og kennararnir Borghildur Ína Sölvadóttir, Björg Eiríksdóttir og Jóhann H. Þorsteinsson. Ferðin var hluti af áfanga í skúlptúr og er afurð Ínu og Vero, sem heimsóttu Salpaus fyrr á árinu til að undirbúa ferðina. Salpaus tók vel á móti þeim en



meðal verkefna nemenda var að vinna skúlptúr með finnsku nemunum, sem á lokadeginum voru mynduð í Heinola. Þá heimsóttu þau deildir í leikmunagerð, tískutækni “fashion technology”, “interior design” og húsgagnabólstrun. Á vorönn 2026 stendur til að taka á móti 5 nemendum frá Salpaus í starfsnám í leikhúsið.

Frétt af ferðinni:

[Nemendur á listnáms- og hönnunarbraut VMA heimsóttu Salpaus í Finnlandi |
Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

24. október - 6. nóvember

Malaga, Spánn

Þetta er í fimmta skipti sem sambærileg ferð er farin, í þetta skiptið heimsóttu þau Grupo Nebro og El Palo í Malaga á Spáni. Þau héldu instagram reikningi hársnyrtibrautar lifandi alla dagana. Þau sóttu meðal annars námskeið í litagreiningu, kynntust öðrum nemendum og fengu að skoða hvernig umhverfisvænar hárgreiðsluvörur eru unnar frá grunni.

23.-29. Nóvember

Tenerife, Spánn.

Tveir kennarar af starfs- og sérnámsbrautum, Sigrún Fanney og Ragnheiður sóttu námskeið um “Special needs and inclusive education”.

23. - 28. nóvember

Malaga, Spánn

7 nemendur og 2 kennarar úr heilsunuddi fóru í eina viku til Malaga í námsferð. Þau heimsóttu El Palo, sama skóla og hársnyrtibrautin hefur myndað sterkt samband við. Þau voru í kennslustundum með öðrum nemum á svipaðri braut, en þar er áherslan meira á slökunarnudd. Því gátu báðir nemendahópar miðlað á milli.

Frétt:

[Nemendur í heilsunuddi í námsferð til Malaga | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

3.3. Ferðir á vegum Rannís.

12.-15. Janúar

Dagný Hulda alþjóðafulltrúi fór á tengslaráðstefnu og námskeið um inngildinguna á vegum Erasmus í Salzburg í Austurríki. Hún hitti fulltrúa frá 40 skólum í mörgum Evrópulöndum, mest verknámsskólar með starfsbrautir. Hún myndaði ný tengsl og strax við heimkomu var farið að ákveða hópferð (group mobility) fyrir nemendaráð VMA að heimsækja verknámsskóla í Skjern í Danmörku skólaárið 2025-2026.

4. Heimsóknir í VMA

10.-11. febrúar.

Komu Glenn Coomans og Pia með 7 nemendur í “welfare sciences” frá Belgíu. Þau kynntu sér skólann með Dagnýju, fengu kynningu frá Sólveigu alþjóðafulltrúa um félagslíf í VMA og frá Jóhönnu (Íslenskubró) um erlenda nemendur í VMA. Eftir það fóru þau í tíma hjá Jóhannes í næringarfræði þar sem hann hafði undirbúið hópstarf. Heimsóknin gekk mjög vel og hafa þau áhuga á frekara samstarfi.

11. - 14. febrúar

Rea-Susan frá Helsinki, Finnlandi kom í starfsspeglun og átti viku inni á starfsbraut. Hún hitti Dagnýju, fékk kynningu frá Sólveigu, Jóhönnu og námsráðgjafateymi. Inda og Hafdís sáu um stundartöfluna hennar og móttöku.

Frétt:

[Góður gestur frá Luovi í Helsinki | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

19.-21.mars

Stine Malin Brynildsen og Sonja Nygaard-Joki frá Hoigskolen í Ostfold í Noregi stoppuðu í 3 daga. Voru með vinnustofu fyrir nemendur í listasögu og þroskasálfræði - og tvær vinnustofur um gervigreind fyrir kennara á starfsþróunardeg. Komu hingað í boði Erasmus aðildar VMA.

24.-28.mars

4 spænskir kennarar frá tveimur skólum komu í starfsspeglun í eina viku. Þau sátu tíma á viðskiptafræðibrautum, stærðfræði og félagsfræðigreinum.

28.apríl - 2.maí

Minna Tammi frá Salpaus í heimsókn að undirbúa nemendaskipti listnámsbrautar næsta árs.
[Samstarf listnáms- og hönnunarbrautar við Salpaus í Lahti | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

7.-11. apríl

Tveir kennarar í heimsókn á matvælabraut. Kenndu nokkra tíma. Eftirréttakokkur og enskukennari sem kom með sem túlkur.

Frétt: [Góðir gestir frá Móstoles á Spáni | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

28. Apríl - 9. maí

Charlotte og Ella, 16 og 17 ára nemendur frá Stuttgart, komu hingað í stutt Erasmus skiptinám. Þær dvöldu hér í tvær vikur og sátu í tímum meðal annars í ensku og þýsku.

6. sept – 11. október

3 sjúkraliðanemar frá SOSU Randers til að vinna á Hlíð og Lögmanshlíð. Þau leigðu íbúð hjá Hinrik, fyrrum kennara við VMA og sóttu vinnu. María Albína hafði yfirumsjón með komu þeirra og sá um að koma þeim fyrir á vinnustöðum og hafa samskipti við vinnustaðina. 16.

17. september komu Charlotte Hyldig og Rene frá Randers að heimsækja nemendur og tóku fund með Dagnýju Huldu alþjóðafulltrúa VMA, Jóhannesi Árnasyni kennara og Erasmus reynslubolta og skólastjórnendum.

Til stendur að senda 2 nemendur frá VMA til SOSU Randers í janúar 2026.

23.-25. september

Ismo Molkoselkä og Paivi komu í starfsspeglun á byggingabrautir, en þau hýstu nemenda frá okkur sömu önnina. Vorum við að skoða frekari samstarfsmöguleika.

9.-16. okt

16 nemendur og 4 kennarar í heimsókn frá Ítalíu frá Giulianova.

Nemendur okkar sem flest fóru til Giulianova í vor tóku á móti hópnum ásamt Hröbbu, Kristjönu, Berki og öðrum starfsmönnum. Þema ferðarinnar var jarðfræði og fóru þau í hvalaskoðun, dagsferð á Mývatn, sjóböðin á Húsavík og fleira. Vikan endaði á afhendingu viðurkenningarskjala til allra þátttakenda. Hópurinn fór héðan kátur með ný og sterkari vinasambönd við okkar nemendur í farteskinu.

Frétt:

[Fjölbreytt Evrópusamstarf | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

14. nóvember

Stutt heimsókn 6 starfsmanna frá Cork á Írlandi. Hópurinn var þá vikuna í starfsspeglun í SÍMEY. Upp úr þessu myndaðist frekara samband, von er á einum starfsmanni næsta skólaár í starfsspeglun og við vonumst til að senda 2-3 starfsmenn til þeirra á næsta skólaári.

[Home - Cork Education and Training Board](#)

Fréttir: <https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/irar-i-heimsokn-i-vma>

[Góðir gestir frá Cork á Írlandi | Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar - SÍMEY](#)

Að lokum

Almanaksárið 2025 sendi VMA 56 starfsmenn og 90 nemendur til 11 landa í 23 ferðum á vegum Erasmus+ og Nordplus. Það er mikil fjölgun frá árunum áður, en almanaksárið 2024 fóru 9 starfsmenn og 11 nemendur til 5 landa, en árið 2023 sendi VMA 37 starfsmenn og 25 nemendur til 13 landa.

Árið 2025 fóru:

- 3 nemendur í styttra starfsnám (2-12 vikur) til Póllands og Spánar. 1 kennari fylgdi út
- 1 nemandi fór í lengra starfsnám (4 mánuðir) til Finnlands. 1 kennari fylgdi út.
- 32 starfsmenn fóru í ýmist starfsspeglanir, undirbúningsferðir fyrir nemendaskipti, tengslaráðstefnur og námskeið til 8 landa: Austurríkis, Kína, Ítalíu, Finnlands, Spánar, Írlands, Tékklands og Danmerkur.
- 86 nemendur og 19 starfsmenn fóru í hópferðir til 5 landa: Spánar, Ítalíu, Finnlands og Belgíu.
- 3 starfsmenn á vegum Nordplus til Noregs.

Þó tók VMA á móti 26 kennurum og 28 nemendum í tólf ferðum frá 6 löndum (Belgía, Finnland, Noregur, Spánn, Þýskaland, Danmörk) í sambærilegum erindagjörðum.

Almennt er mikil samstaða meðal starfsfólks við móttöku gesta og flestir tilbúnir að taka þátt. Kennarar bjóða inn í kennslustund og í kaffi eða aðrar samkomur, starfskonur bókasafns hafa tekið marga hópa til sín og verið til staðar fyrir nemendur þegar kennararnir þeirra hverfa burt í ferðir, námsráðgjafar, viðburðarstjóri og starfsbraut hafa haft kynningar um störf sín um stuðningskerfi VMA, þjónustuliðar hafa oft veitt aðstoð þegar á þarf að halda, starfsfólk Fab-Lab hefur tekið marga hópa til sín og starfsfólk almennt ósérhlífið og ófeimið við að nýta persónuleg tengsl gestum okkar til góða. Þá hefur Óskar Þór skrifað óteljandi greinar á heimasíðu skólans um ferðirnar sem farnar hafa verið til að tryggja sýnileika.

Erlend samstarfsverkefni og heimsóknir VMA hafa skilað miklu inn í kennslu, nám og ekki síst skólalíf nemenda okkar. Ljóst er að langflestir nemendur sem koma heim eftir styttri eða lengri dvalir erlendis eflast í lífi, námi og/eða starfi við reynsluna og koma mörg hver heim með nýjar vináttur eða tengsl sem eru mikilvæg fyrir framtíðina. Það er ómetanleg reynsla fyrir okkur sem kjósum að búa í þessum hluta veraldar og sérstaklega fyrir unga fólkið okkar sem er að fóta sig í lífinu að víkka sjónadeildarhringinn á þennan hátt í þessu umhverfi. Verkefnin og tækifærin hafa jákvæð áhrif á skólann okkar sem heild.